

Kræðufell við austanverðan Eyjafjörð 740 m hátt

Ekið er upp á Víkurskarð. Efst í skarðinu er bílastæði þar sem bílum er lagt. Þaðan er lagt í gönguna og gengin stikaða leiðin sem liggur að Ystuvíkurfjalli. Þegar kemur niður í lægðina er stefnan tekin til norðurs og stefnt upp á Kræðufellið, sú leið er ekki stikuð. Þegar upp á fjallið er komið sést fljótlega varða. Haldið áfram að annarri vörðu þar sem Þaulakassinn er, við ytri vörðuna á háfjallinu eins og kortið sýnir. Mjög fallett útsýni er yfir Eyjafjörð og til Hríseyjar.

Vegalengd samtals 13 km og gönguhækkun um 480 m.